

56.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn 19.ágúst 2015 á skrifstofu sambandsins og hófst kl. 17.00. Mætt: Sigurjón, Sturla, Kári, Ása og Gry. Grétar Hrafnsson sat upphaf fundarins.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

Stjórnin samþykkti að framvegis verða fundargerðir varðveittir eingöngu í tölvutæku formi.

2. Landsliðsmál

Grétar Hrafnsson gerði grein fyrir undirbúningi landsliðsins fyrir næstu mót, HM unglunga og HM í opnum flokki. Landsliðsnefndin er að hefja vinnu við að yfirfara landsliðssamning og gera tillögur um úrbætur og við undirbúning undir val í landsliði 2016. Stjórnin ítrekar þá stefnu sína að framvegis verða eingöngu þeir hlutgengir til starfa með landsliði sem eru skuldlausir við sambandið og/eða sín félög.

Grétar vék af fundi.

Fanney Hauksdóttir varð á dögnum Evrópumeistari kvenna í bekkpressu í opnum flokki -63 kg og fagnar stjórnin afreki hennar. Sigurjón upplýsti að sambandinu hefði borist kveðju og hamingjuóskir frá ÍSÍ.

Ákveðið var að heiðra Fanneyju og tók Ása að sér að kanna hvenær það gæti orðið. Stjórnin ætlar að móta sér ferli um hvernig er best að heiðra og fagna þeim sem vinna afrek á stórmótum.

3. RIG – undirbúningur ofl.

Gry gerði grein fyrir þátttöku KRAFT á RIG 2016, en þá verður haldið boðsmót í klassískum kraftlyftingum. Mótið er á mótaskrá IPF og koma alþjóðadómarar hingað á kostnað KRAFT. Mótið verður skipulagt í nánú samstarfi við Lyftingasamband Íslands og er undirbúningur kominn vel á veg. Gry og Grétar Hrafnsson eru í undirbúningsnefnd, en enn vantar gott fólk í fjáröflun og fjölmiðlatengslum. Sturla og Ása ræða við Agnesi og Kristján Helga og kanna hvort þau geta komið að málum.

Stjórnin lét bóka þakkir til Gry fyrir frumkvæði og vinnu að þessu máli.

4. Reglugerðir

Lagðar voru fram og samþykktar nýjar reglugerðir um Kraftlyftingamót, Liðakeppni, Setningu Íslandsmeta, Val á kraftlyftingamanni ársins og Heiðursmerki. Reglugerðir taka þegar gildi og verða kynntar á kraft.is og á formannafundi 19.september nk.

5. Ársþing

Ákveðið var að boða til kraftlyftingaþings 19.mars 2016.

Sigurjóni og Ásu falið að fara yfir lög sambandsins og gera tillögur að breytingum. Gry og Sigurjóni falið að taka saman lista yfir verkefnum sem eðlilegt væri að fela framkvæmdastjóra eða starfsmanni í framtíðinni.

6. Afreksstefna

Vinnu við afreksstefnu er ekki lokið. Sigurjóni og Sturlu falið að halda áfram með málið svo hún verði tilbúin til kynningar á formannafundi 19.september.

7. Formannafundur

Ákveðið var að boða til formannafundar 19.september nk. í tengslum við ÍM í réttstöðulyftu. Gry auglýsir og pantar sal.

8. Mál Sigfúsar Fossdal í kjölfar áfrýjunardóms

Endanleg niðurstaða hefur fengist í máli Sigfúsar Fossdals fyrir CAS dómstólinn. Dómur IPF er staðfestur. Ásu falið að fara yfir dómsorð og skoða stöðu KRAFT gagnvart hugsanlegri endurgreiðslukröfu IPF á hendur sambandsins. Ása hefur samband við Sigfús vegna endurgreiðslu á styrkjum 2014.

9. Mótamál

Júlían Jóhannsson, formaður mótanefndar, er fluttur úr landi. Ása ræðir framtíðarskipan nefndarinnar við hann.

KFV á Ísafirði treystir sér ekki til að halda bikarmótið 2015. Ása kannar áhuga KFA á að taka mótið að sér.

Mótanefnd þarf að finna ÍM í bekkpressu nýjan stað á mótaskrá. Ása kannar áhuga Gróttu á að taka mótið að sér og ræða dagsetningu innan mótanefndar.

Massi lýsir áhuga á að taka að sér EM í bekkpressu 2016. Gry hefur samband við EPF.

10. Fræðslumál

Fundur í fræðslunefnd KRAFT verður í september. Meðal verkefna er endurskoðun og mat á þjálfaranámi KRAFT, skipulag dómaraþrófs og dómaraklíník í samvinnu við dómaranefnd o.a.

11. Önnur mál

Beiðnir hafa borist frá einstaklingum í landsliðinu um ferðastyrk erlend mót.

Stjórnin ítrekar þá afstöðu sína að styrkja að jafnaði ekki einstaklinga á þennan hátt.

Kári upplýsir viðkomandi um hvernig er hægt að sækja um framlag úr afrekssjóði og kemur slíkum umsóknum á framfæri ef þær berast.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 19.10

Fundaritari: Gry Ek